

An aerial photograph of Hafnarfjarðarbæjar, Iceland. The foreground shows a residential area with colorful houses (red, grey, white) and a small canal with a bridge. In the middle ground, a white church with a green roof stands out. The background features a large harbor with many ships and a city skyline under a cloudy sky.

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar

Greinargerð árin 2026 og 2027-2029



Hafnarfjörður

Ávarp

Hafnfirðingar eiga skilið traust bakland í bænum sínum – bæ sem styður við fjölskyldur og hjálpar foreldrum að skila af sér skínandi einstaklingum, ungu fólki sem líður vel bæði í anda og líkama. Til þess þurfum við traustan rekstur og bæ sem umvefur og gefur yl í hjarta.

Hafnarfjarðarbær hefur byggt upp ábyrgan rekstur sem skilar sér í stöðugleika, fyrirsjáanleika og svigrúmi til að halda áfram að þróa traust og gott samfélag. Fjárhagsáætlunin fyrir 2026 styður við þessi markmið eftir krefjandi ár í ytra umhverfi. Við hlúum að grunnþjónustu, tryggjum kjarnastarfsemi og forgangsriðum fjárfestingum sem styrkja skóla, íþróttir, umhverfi og innviði til framtíðar.

Ég er stoltur af þeim árangri sem við höfum náð í samráði við bæjarbúa, okkur öllum til heilla.




Valdimar Víðisson bæjarstjóri



Helstu atriði fjárhagsáætlunar 2026

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 2.089 milljónir króna.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 942 milljónir króna.
- Skuldaviðmið áætlað um 87,4% í árslok 2025.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 3.983 milljónir króna eða 6,9% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta áfram 14,93%
- Álagningarprósenta fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði lækkar þannig að fasteignagjöldin hækki ekki umfram verðbólgu.
- Álagningarprósenta fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði lækkar þannig að fasteignagjöldin hækka minna en verðbólga.
- Gert er ráð fyrir almennri hækkun gjaldskrár um 3,9% til þess að mæta verðlags- og launahækkunum. Gjaldskrá vegna sorphirðu hækkar almennt í takti við breytingar hjá Sorpu.
- Áætlaðar fjárfestingar nema tæplega 10,6 milljörðum króna en mest fer til byggingar á nýjum skóla í Hamranesi.



Vissir þú?

- Hafnarfjarðarbær hefur fengið vottun UNICEF sem barnvænt sveitarfélag.
- 10.000 heimsóttu búninga- og leikjahátíðina Heima og himingeima.
- Bærinn fékk nýsköpunarverðlaun hins opinbera 2025.
- Forstöðumaður bókasafnsins fékk pólska heiðursorðu fyrir frábært pólskt starf á bókasafninu okkar í apríl.
- Jólaborpið hefur aldrei verið stærra hér í Hafnarfirði en fyrir þessi jól.
- Hvergi hafa fleiri íbúðir verið Svansvottaðar en í Hafnarfirði.



Staðreyndir

31.525 íbúar 1. janúar 2025.

Um **18%** eru með erlent ríkisfang.

Þriðji stærsti bær landsins.

Um **2.000** heilsársstörf hjá sveitarfélaginu.

11 grunnskólar.

19 leikskólar.


3 almenningssundlaugar.

4 knatthús.



Vert að vita

- Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir 2026 sýnir metnað fyrir hönd fjölskyldna.
- Glænýtt bókasafn Hafnarfjarðarbæjar verður opnað á vormánuðum 2026.
- Frístundastyrkur verður í boði fyrir börn frá þriggja ára aldri á árinu.
- 6 tíma gjaldfrjáls leikskóli verður í boði á nýju ári.



Margt áunnist

- Frístundastyrkur er í boði fyrir fimm ára börn og býðst börnum frá þriggja ára aldri frá árinu 2026.
- Nýtt þjónustuver hefur verið opnað sem er stærra, betra og hentugra fyrir íbúa.
- Leikskóladagurinn hefur verið endurskipulagður, sem gefur íbúum færi á lægri gjöldum um leið og starfsfólk fær sveigjanlegri vinnutíma.
- Áshamar, nýr einkarekinn leikskóli, hefur tekið til starfa.
- Fasteignagjöld hafa ekki hækkað umfram verðlagsþróun.
- Ný reiðhöll var byggð á æfingasvæði Sörla sem og nýtt knatthús opnað á Haukasvæðinu.



Framtíðarsýn 2035

- Lögð er áhersla á vellíðan íbúa og að skapa núverandi og komandi kynslóðum tækifæri til góðs og innihaldsríks lífs.
- Hafnarfjörður er sjálfbært samfélag sem býður upp á virkan og heilbrigðan lífsstíl í fallegri byggð og óspilltri náttúru.
- Borin er virðing fyrir einstaklingnum og framlagi hvers og eins til þess að efla og bæta samfélagið. Sérstök áhersla er á að sérhvert barn í Hafnarfirði njóti öryggis og eigi kost á að þroska hæfileika sína.
- Lögð er rækt við bæjarbrag, sögulega arfleifð og einstakt umhverfi í Hafnarfirði. Fólk sækir verslun og þjónustu í Hafnarfjörð víða að og í bænum er fjölbreyttur atvinnurekstur minni og stærri fyrirtækja. Sífelld er leitast við að mæta ólíkum kröfum fjölbreytilegs samfélags.

Fólkið fyrst – hvar sem það stendur á æviskeiði sínu

Þjónustuáherslur okkar og gildi



Heildarstefna Hafnarfjarðar til ársins 2035 alltaf höfð til hliðsjónar



Fjárhagsáætlun og fjárfestingar

Forsendur fjárhagsáætlunar 2026



Útsvar

Álagningarprósenta útsvars í Hafnarfirði er 14,93% og er lægri en meðalálagningarprósenta sveitarfélaga í landinu.



Íbúðapróun

Íbúar bæjarins voru 31.525 þann 1. janúar 2025. Þeim hefur fjölgað um 13,8% eða 3.831 á tíu árum. Gert er ráð fyrir að íbúar verði 33.101 þann 1. janúar 2026 og fjölgi um 1.160 á árinu 2026 eða um 3,5%.



Kjarasamningar

Í áætluninni er tekið mið af þeim hækkunum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Meðalhækkun launakostnaðar er 5,0% á árinu 2026.




Verðbólga

Útkomuspá miðar við 4,1% verðbólgu á árinu 2025. Gert er ráð fyrir 3,5% verðbólgu á árinu 2026.




Forsendur fjárhagsáætlunar

Útsvar og fasteignaskattar




Ársbreyting vísitölu neysluverðs



	Íbúðarhúsnæði			Atvinnuhúsnæði		
	2026	2025	2024	2026	2025	2024
Fasteignaskattur	0,199%	0,217%	0,217%	1,367%	1,387%	1,387%
Holræsagjald	0,093%	0,093%	0,093%	0,116%	0,116%	0,116%
Vatnsgjald	0,035%	0,035%	0,035%	0,052%	0,052%	0,052%
Samtals af fasteignamati	0,327%	0,345%	0,345%	1,535%	1,555%	1,555%
Lóðaleiga	0,330%	0,330%	0,330%	1,170%	1,170%	1,170%

Tekjur einstaklinga			Tekjur hjóna		
Afsláttur	Frá	Til	Afsláttur	Frá	Til
100%	0	8.111.000	100%	0	10.365.000
75%	8.111.001	8.293.000	75%	10.365.001	11.085.000
50%	8.293.001	8.472.000	50%	11.085.001	11.808.000
25%	8.472.001	8.652.000	25%	11.808.001	12.525.000

Meðalhækkun launakostnaðar



Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar

A+B-hluti	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarreikningur						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	36.431.517	40.782.407	42.728.248	45.490.332	48.336.595	51.310.825
Aðrar tekjur	12.868.324	14.513.569	14.613.575	14.503.092	15.537.965	15.144.496
Rekstrargjöld	43.882.170	49.244.227	50.529.470	52.854.293	55.311.075	57.833.193
Rekstrarniðurstaða án afskr. og fjármagnsgj.	5.417.672	6.051.749	6.812.353	7.139.131	8.563.485	8.622.128
Afskriftir	1.872.822	2.071.228	2.167.629	2.492.593	2.678.487	2.884.453
Rekstrarliðir án fjármagnsgjalda	3.544.849	3.980.521	4.644.724	4.646.538	5.884.998	5.737.675
Fjármagnsgjöld	2.337.234	2.761.097	2.562.934	2.656.832	2.683.932	2.784.157
Rekstrarniðurstaða	1.207.615	1.219.424	2.086.857	1.994.774	3.206.134	2.958.586
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	100.997.950	106.977.125	113.416.333	117.580.708	122.859.462	128.228.662
Eigið fé	35.253.157	36.472.583	38.554.372	40.544.078	43.745.144	46.698.663
Skuldir og skuldbindingar samtals	65.744.793	70.504.541	74.861.961	77.036.630	79.114.318	81.529.999
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	3.738.828	4.051.678	3.982.526	4.313.705	4.886.992	5.665.294
Fjárfestingar	8.334.479	9.850.206	10.565.246	10.196.529	10.198.595	10.017.165
Lántaka	3.886.224	5.983.000	4.717.626	4.000.000	4.200.000	6.200.000
Afborganir lána	2.383.424	2.221.920	2.647.369	2.835.550	3.097.343	4.835.172
Handbært fé í árslok	2.429.120	2.573.881	2.392.915	2.458.693	2.675.665	2.836.830



Rekstrartekjur

Útsvar

- Útsvarsprósenta er 14,93%
- Reiknað er með að útsvarstekjur hækki í takt við almennar launahækkanir og fjölgun íbúa.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 6.000 m.kr. þar af fara 3.838 m.kr. eða 64% framlagsins í málefni fatlaðra.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,217% í 0,199%
- Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis lækkar úr 1,387% í 1,367%


Gjaldskrár

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að gjaldskrár hækki almennt um 3,9%


Byggingarréttur

- Áætlað er að tekjur vegna byggingarréttar verði 3.175 m.kr.



Hlutfallsleg skipting framlaga úr Jöfnunarsjóði



Rekstrartekjur



Rekstrargjöld



Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld breytast í takt við kjarasamninga.
- Meðalhækkun launakostnaðar á milli ára er 5,0%

Lífeyrisskuldbinding, breyting

- Lífeyrisskuldbinding breytist í takt við breytingu á vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn.

Annar rekstrarkostnaður

- Meðalhækkun annars rekstrarkostnaðar á milli ára er 3,9%

Afskriftir


- Fasteignir eru almennt afskrifaðar um 2% á ári.
- Veitur eru afskrifað um 3% á ári.
- Götur og hafnarmannvirki eru afskrifuð um 4% á ári.
- Vélar, áhöld og tæki eru almennt afskrifuð um 15% á ári.
- Afskriftir hækka um 96 m.kr. á milli ára.

Fjármagnsliðir

- Gert er ráð fyrir 3,5% verðbólgu á árinu 2026 og að verðtryggðir langtímavextir verði 3,75%


Rekstrarútgjöld

Skipting útgjalda eftir málaflokkum



Áætluð rekstrarniðurstaða A- og B-hluta


- Árið 2026 er gert ráð fyrir 6.812 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð um 2.087 m.kr.
- Rekstrartekjur eru áætlaðar 57.342 m.kr. sem skiptast í útsvar og fasteignaskatta sem er 64,0% af heildartekjum, tekjum frá Jöfnunarsjóði sem eru 10,5% af heildartekjum og öðrum tekjum sem eru 25,5% af heildartekjum.
- Rekstrargjöld eru áætluð 50.529 m.kr., sem skiptast í laun og launatengd gjöld sem nema 53,6% af heildargjöldum.
- Þá eru áætlaðar breytingar á lífeyrisskuldbindingu sem nema 3,0% af heildargjöldum og öðrum rekstrarkostnaði sem nema 43,4% af heildargjöldum.
- Afskriftir eru áætlaðar 2.168 m.kr. og fjármagnsliðir 2.563 m.kr.




Fjárfestingar og fjármögnun

- Fjárfestingar eru áætlaðar rétt rúmlega 10.000 m.kr. á ári á áætlunartímabilinu.
- Lántaka er áætluð um 4.000–5.000 m.kr. á ári.
- Afborganir eru áætlaðar 2.500–3.000 m.kr. á ári.
 - Á árinu 2029 verður þó bæði lántaka og afborganir um 1.500 m.kr. hærri en árið á undan.

Fjárfestingar, lántaka og afborganir



Gatnagerðargjöld og byggingaréttur




Framkvæmdir og fjárfestingar A-hluta

Stefnt er að því að framkvæma fyrir samtals 10.603 m.kr. á árinu 2026.

Samtals er kostnaður vegna framkvæmda í A-hluta 8.210 m.kr.

- Bygging grunnskóla í Hamranesi er stærsta einstaka framkvæmdin.
- Unnið er að nýjum búsetjukjarna í Smyrlahrauni.
- Hefja á undirbúning að nýju menningarhúsi, nýrri miðstöð frístunda, stækkun tónlistaskólans og nýjum golfvelli.
- Frágangur á knatthúsi á Ásvöllum og reiðhöll Sörla og hafinn undirbúningur að frjalsíþróttavelli.
- Stækkun golfskála Keilis undirbúin.
- Nýtt útisvæði við Ásvallalaug undirbúið, klefar í Suðurbæjarlaug kláraðir og unnið í frekara viðhaldi í Sundhöllinni.
- Bókasafnið flytur í nýtt húsnæði í verslunarmiðstöðinni Firði.
- Gatnagerð í Áslandi 4 lýkur og hefst á Þorlákstúni.
- Nýtt íbúahverfi í Vatnshlíð undirbúið.

- Unnið í fyrsta áfanga gatnagerðar í iðnaðarhverfinu Hellnahrauni 4 og í gatnagerð í Kapelluhrauni.
- Unnið að lokafrágangi í nýbyggingarhverfum, gerð leiksvæða sem og grænna og opinna svæða.




Vissir þú?

2.000 m.kr.

Tveir milljarðar fara í uppbyggingu grunnskóla í Hamranesi.

550 m.kr.


Ríflega hálfum milljarði er varið í nýtt húsnæði fyrir bókasafnið.



Framkvæmdir og fjárfestingar í B-hluta

- Framkvæmdir og undirbúningur að aukinn afkastagetu vatns- og fráveitu er stærsti hluti fjárfestinganna.
- Unnið verður að uppbyggingu á höfninni.
- Gert er ráð fyrir kaupum og endurnýjun félagslegra íbúða.

Framkvæmdir í B-hluta í m.kr.



Vissir þú?

2.393 m.kr.


Samtals fara nærri 2,4 milljarðar króna í framkvæmdir í B-hluta.

250 m.kr.

Alls verður 250 milljónum varið í kaup félagslegra íbúða.



Fjárfestingar – 10.565 m.kr



■ Gatnagerð ■ Hafnarfjarðarhöfn ■ Húsnæðis- skrifstofa ■ Íþróttafélög ■ Skólabyggingar ■ Sundlaugar ■ Umhverfi ■ Veitur ■ Önnur mannvirki





Málaflokkar

Málaflokkar



Stoðþjónusta




Menntun og lýðheilsa



Hafnarfjarðarhöfn



Félagsþjónusta




Menningarmál



Umhverfi og skipulag

Skipurit Hafnarfjarðarbæjar



Dorgveiðikeppni hafnfirskra barna er árleg á Flensborgarhöfn.



Stoðsviðin



Stoðsviðin

- Stoðsviðin þrjú, stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þjónustu- og þróunarsvið, veita öðrum sviðum sveitarfélagsins miðlæga þjónustu og ráðgjöf.
- Stoðsviðin halda utan um ýmiss konar sameiginlegan kostnað við rekstur sveitarfélagsins sem ekki deilist á einstök svið.
- Á vettvangi stoðsviðanna hefur verið lögð áhersla á framþróun í stjórnsýslu með aukinni skilvirkni í þjónustu og markvissri stafrænni vegferð.

Stjórnsýslusvið

- Lögfræðiþjónusta
- Mannauðsstjórnun
- Persónuvernd
- Launavinnsla
- Skjalastjórnun
- Gæðastjórnun
- Stjórnsýsluþróun

Fjármálasvið

- Bókhald
- Uppgjör
- Fjárreiður
- Rekstrarþjónusta
- Fjárhagsáætlun
- Innkaupamál

Þjónustu- og þróunarsvið

- Þjónustuver
- Nýsköpun og þróun
- Tölvumál
- Menningarmál
- Markaðsmál
- Rafræn stjórnsýsla
- Stafræn vegferð
- Samskiptamál
- Fjölmenningarmál



Mannauðsmál

Helstu áherslur 2026

- Leiðtogaskóli Hafnarfjarðarbæjar var stofnaður haustið 2024. Um 90 stjórnendur hafa þegar útskrifast. Stefnt er að því að allir stjórnendur hafi lokið námi í árslok 2026.
- Stefnt á áframhaldandi þróun og útvíkkun þróunarverkefnis um nýtingu rafræns vinnuafls við frávikagreiningu launa, veikindatölfræði o.fl.
- Frekari þróun á greiningu og framsetningu gagna í tölfræðimælaborðum fyrir stjórnendur.
- Ljúka á uppsetningu gæðahandbókar mannauðs- og launamála árið 2026.
- Áfram verður boðið upp á fræðslu sem tengist geðheilbrigði og andlegri líðan. Geðheilsuáttak hefur staðið öllum starfsstöðvum til boða til að koma geðheilsumálum á dagskrá.
- Heildarúttekt jafnlaunavottunar fer fram í maí 2026 og stefnt er á að viðhalda góðum árangri og tryggja áframhaldandi launajafnrétti.



Vissir þú?

2017

Bærinn fékk fyrst íslenskra sveitarfélaga jafnlaunavottun árið 2017. Óútskýrður launamunur er ekki til staðar.

5.500

Samtals bárust 5.500 umsóknir um störf hjá Hafnarfjarðarbæ árið 2025.



Lífsgæðasetur St. Jó

- Rekstaraðilar í Lífsgæðasetrinu eru 28.
- Allar fjórar hæðirnar eru í útleigu en rýmin í húsinu eru samtals 38.
- Að meðaltali sækja um 200 manns þjónustu í Lífsgæðasetrið á degi hverjum.
- Stærstu leigutakar eru Taktur/Parkinsonsamtökin og Seiglan/Alzheimersamtökin.
- Námskeið og fyrirlestrar í húsinu eru um 8 á viku. Alls sækja 15 að meðaltali hvern þeirra og því um 120 manns á viku.
- Að jafnaði 5 mismunandi jóгатímar í boði á dag. Um 15 manns í hverjum tíma og því um 300 manns á viku.



Vissir þú?

40

Um fjörutíu koma daglega í hús til Alzheimersamtakanna.

6.000

Um sex þúsund heimsóknir eru í Takt endurhæfing Parkinsonsamtakanna á ári.




Upplýsingatækni

Helstu áherslur 2026

- Lokið verður við endurnýjunaráætlun á öllu netkerfi.
- Mótað verður rekstrarlíkan sem ýtir undir aukna kostnaðarvitund.
- Ítarleg kortlagning leyfismála verður gerð, hagrætt og eftirlit aukið.
- Fjárhagsbókhaldskerfi verður uppfært.

Skipting kostnaðar í þróunar- og tölvudeild m.kr.



Vissir þú?

7.000 beiðnir um aðstoð til handa starfsfólki berast til þróunar- og tölvudeildar á ári.

4.400 spjaldtölvur eru í notkun í skólum Hafnarfjarðarbæjar.

9 starfsmenn sjá um alla notendapjónustu og umsjón og rekstur á 46 ólíkum kerfum.

Yfir **1.500** virkir tölvunotendur með hátt í **3.000** tæki.

Um **250** beinar sem stýra netumferð með **400** þráðlausum netpunktum á um **75** starfsstöðvum.

Umfang og eðli upplýsingatæknimála sveitarfélagsins kallar á rekstur á **46** kerfum í samstarfi við um **30** birgja.

Samskipti

Helstu áherslur 2026

- Sýn sveitarfélagsins í þjónustu- og samskiptamálum verður innleidd og aðgerðaáætlanir gerðar.
- Samfélagsþátttaka íbúa af erlendu bergi verður aukin með fleiri verkefnum, viðburðum og samstarfi.
- Fjölmennningarþing verður í upphafi árs.
- Þekkingardagar þjónustuvers, aukin fræðsla og ráðgjöf.
- Vinabæjarsamskipti kortlögð sem og tækifærin sem í þeim felast.



Vissir þú?

Nýtt og glæsilegt þjónustuver var
opnað **18. júní 2025.**

Hátt í **50.000** símtöl berast í þjónustuver
á ári og **4.500** tölvupóstar.

95% af **2.000** ábendingum tengjast
umhverfi, framkvæmdum og skipulagsmálum.

6.144 íbúar eru með erlent ríkisfang; þar af
30% með pólskt, **11%** litáískt og
10% rúmenskt.

Um **17.000** fylgja Hafnarfjarðarbæ
á samfélagsmiðlum.



Stafræn vegferð

Helstu áherslur 2026

- Innleiðing á nýju gæðakerfi, málakerfi og fundakerfi.
- Uppfærsla og þróun á hafnarfjordur.is og nýjar *Mínar síður*.
- Ný ábendingagátt og beiðnakerfi sem byggist á OpenAI.
- Aukin hagnýting gervigreindar og vélnáms í verkferlum og verkefnum.
- Mótun og sköpun á okkar innri Auði – snjöll aðstoð við starfsfólk.
- Ítarleg merking gagna með öryggi, gagnavinnslu og greiningu í huga.
- 100% stafvæðing allra umsókna sveitarfélagsins.

Rafrænar undirritanir byggingarleyfisumsókna skipta máli
– Uppsafnaður sparnaður frá 2023 er umtalsverður



Kílómetrar sparaðir
109.689 km



Bilferðir sparaðar
7.693 ferðir



Minnkað kolefnisspor
13,93 tonn

1.000.000

Milljón heimsókna á
hafnarfjordur.is á ári.

23.000

Alls 23 þúsund er fjöldi rafrænna
undirritana á árinu 2025.

1.750

Virkir notendur eru 1750 á innri
samskiptamiðlinum okkar
Workvivo.

17

Sautján verkefni unnin af hinum
starfræna Bjarna á árinu 2025.



Vissir þú?

Stafræni Bjarni sér meðal annars um beiðnir um fyrirspurnir um fasteignagjöld, afstemmingar lánardrottna og hefur eftirlit með sjóðstýringu og frávikum aðalbókar.

Laus störf og fundargerðir eru vinsælustu síðurnar á vef bæjarins og algengasta leitarorðið er teikningar.

19 vefir eru í hýsingu Hafnarfjarðarbæjar. Þeim fækkaði einmitt um 19 á árinu.

752 hafa nýtt sér þjónustu Auðar snjallmennis á hafnarfjordur.is frá því í vor.

Allar undirritanir tengdar byggingarmálum eru orðnar rafrænar.

Reikningar til bæjarins er um **54.000** á ári.

84,4% eru orðnir rafrænir.






Menntun og lýðheilsa




Menntun og lýðheilsa

Málaflokkur sem nær utan um rekstur grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, frístunda, félagsmiðstöðva, vinnuskóla, stoðþjónustu skóla, íþróttamála og sundlauga sem og forvarnir og dagforeldra. Hafnarfjarðarbær er heilsueflandi og barnvænt samfélag.

Skipting kostnaðar fræðslu og frístunda í m.kr.



Stöðugildi í fræðslu- og frístundastarfi



Áherslur ársins 2026

- 6 tíma gjaldfrjáls leikskóli verður í boði á árinu.
- Unnið verður að hækkun niðurgreiðslu vegna 15 mánaða barna hjá dagforeldrum, samhliða breytingu á gjaldskrá til dagforeldra.
- Húsbúnaður í grunnskólum og tómstundabúnaður í öllum félagsmiðstöðvum endurnýjaður.
- Bætt verður við stöðu talmeinafræðings á grunnskólastigi og félags- og tilfinningafærni í grunnskólastarfi eflað enn frekar.
- Menntastefnan verður innleidd, læsisstefnan endurskoðuð og fjármálalæsi fyrir ungt fólk kennd í Vinnuskóla Hafnarfjarðar.
- Leik- og grunnskólalóðir fá aukið fjármagn til endurnýjunar.
- Farsældarlög og barnsvænt samfélag innleitt.
- Frístundastyrkur fyrir 3-4 ára börn verður í boði frá ársbyrjun 2026.
- Skýrsla vegna íþróttamiðstöðvar í Hamranesi verður lögð fram.
- Unnið verður áfram að lausn á húsnæðismálum Tónlistarskólans.



Menntastefna

Helstu áherslur

- Efla samstarf heimila, skóla og samfélags til farsældar barna.
- Stuðla að teymisvinnu, lýðræði og virku samtali barna.
- Tryggja samfellu og samvinnu milli skólastiga
- Skapa rými fyrir sköpun, lausnamiðaða hugsun og frumkvæði barna.
- Virða raddir allra barna og mæta fjölbreyttum þörfum þeirra
- Efla inngildingu, fjölmeningarhæfni og aðgengi að stuðningi.
- Styðja við heilbrigðan lífsstíl og daglega hreyfingu.
- Valdefla börn með fræðslu, samskiptahæfni og styrkingu sjálfsmyndar.

Þetta gerum við meðal annars með því að leggja til 15 milljóna króna þróunarstyrk til að efla skóla- og frístundastarf.



Farsæld barna

Hafnarfjörður er barnvænt sveitarfélag þar sem öll börn eiga rétt á að blómstra og fá þá aðstoð sem þau þurfa til að takast á við áskoranir lífsins.



Vissir þú?

Hafnarfjarðarbær var fyrstur til að leggja fram starfslýsingu tengiliða farsældar sem starfa í öllum skólum?

Á heimasíðu sveitarfélagsins og öllum spjaldtölvum nemenda er barnahnappur þar sem börn geta lýst líðan sinni, áhyggjum eða aðstæðum og óskað eftir aðstoð frá námsráðgjafa skólans eða barnavernd.

Málstjórar farsældar starfa með foreldrum og skólum við einstaklingsmiðaða lausnaleit í málefnum barna.

Heimgreiðslur og dagforeldrar


- Hafnarfjörður niðurgreiðir vistun hjá dagforeldrum fyrir foreldra í Hafnarfirði.
- Tekjulágir foreldrar geta sótt um frekari niðurgreiðslu hjá dagforeldrum.
- Foreldrar barna eldri en 1 árs geta sótt um heimgreiðslu að upphæð 121 þúsund kr. á mánuði.
- Heildarkostnaður við dagforeldra og heimgreiðslur eru 315 m.kr. á ári.

Vissir þú?

Að Hafnarfjörður greiðir niður dagforeldravist hjá að meðaltali **101** barni á mánuði.

Að í Hafnarfirði starfar **21** dagforeldri.

Foreldri/foreldrar **239** barna hafa fengið heimgreiðslur á árinu **2025**.



Leikskólar


- 19 leikskólar eru starfræktir í Hafnarfirði. Bærin rekur 17 þeirra.
- Heildarkostnaður við kennslu og umönnun yngstu barnanna er 8.123 m.kr.
- Alls eru 1.796 börn í leikskólum í Hafnarfirði.

Vissir þú?

Að í leikskólum Hafnarfjarðar eru **40** starfsmenn með styrk til náms í leikskólakennarafræðum.


Að foreldrar munu einungis greiða **9%** af heildarkostnaði í rekstri leikskóla á árinu 2026.

Fjöldi barna eftir leikskólum




Gjaldskrá leikskóla haustið 2026

Hlutdeild foreldra í rekstri leikskóla



Gjaldskrá leikskóla án fæðis




Vissir þú?

Ekki er greitt fyrir **6** tíma í leikskóla en áfram er greitt fæðisgjald.



Meira um gjaldskrána



Vissir þú?

6 tíma gjaldfrjáls leikskóli lækkar beinan kostnað heimila. Foreldrar geta sparað verulegar fjárhæðir á mánuði.

Aukinn sveigjanleiki hefur verið tekinn upp í leikskólastarfinu með vellíðan barna í fyrirrúmi með hæfilega löngum leikskóladegi.

Hægt er að nota leikskólareiknivél Hafnarfjarðar til að áætla kostnað miðað við breytilegar forsendur.



Grunnskólar

- Í Hafnarfirði eru reknir 11 grunnskólar þar af tveir einkareknir skólar.
- Um 4.200 grunnskólanemendur eru í skólum bæjarins. Að auki eru um 100 hafnfirskir nemendur í skólum utan bæjarins.
- Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla á árinu 2026 er áætlaður 13.649 m.kr.


Vissir þú?

Að fulltrúar ungmennaráðs sitja í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Að **8** sérdeildir starfa við grunnskóla Hafnarfjarðar.

Að **3,37** m.kr. er heildarkostnaður við hvern nemanda á ári skv. Hagstofu Íslands.

Fjöldi nemenda í grunnskólunum



Frístund

- Alls sækja 1.135 börn frístund, í 9 frístundarheimilum bæjarins.
- Heildarkostnaður við frístund hafnfirskra barna er áætlaður 924 m.kr. á árinu 2026.


Vissir þú?

Að frístundabíll flytur börn úr **1. til 4. bekk** úr frístund í tómstundir eða íþróttir, þeim að kostnaðarlausu.

Að í Hafnarfirði er í boði sértækt frístundastarf í Klettinum fyrir börn frá **10 ára** aldri sem þurfa aukinn stuðning og þjónustu.

Að í Hafnarfirði er boðið upp á sumarfrístund fyrir **6-9 ára** börn og **9-13 ára** börn með sértæka stuðningsþörf. Þá er boðið upp á tómstund fyrir **10-13 ára** börn á sumrin.

Skipting kostnaðar við frístundaheimili í m.kr.



Tónlistarskóli

- Söngvavor er samstarf leikskóla og tónlistarskóla þar sem 350 börn taka þátt í barnamenningarhátíð.
- 25 ára hefð er fyrir tónleikum Sinfóníunnar og Strengjasveit Hafnarfjarðar.
- Gítarhátíðir er árlegur viðburður og samstarf skólanna á höfuðborgarsvæðinu.
- Ungbarnanámskeið hefjast í janúar 2026.
- Hljóðfæranámskeið er fyrir eldri borgara.

Vissir þú?

592

Hátt í 600 nemendur stunda nám í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

350

Á fjórða hundrað barna tekur þátt í barnamenningarhátíð.

56


Alls starfa 56 kennarar við Tónlistarskólann.




Frístundastyrkir

- Hafnarfjörður styrkir börn til tómstunda- og íþróttaiðkunar.
- Frístundastyrkur er 65.000 kr. á ári fyrir 6-18 ára. Veittur er hálfur styrkur fyrir 3-5 ára börn.
- Kostnaður við frístundastyrki hafnfirskra barna er áætlaður 250 m.kr. árið 2026.

Hlutfall einstaklinga sem fá frístundastyrk eftir aldri



Hlutfall frístundastyrks eftir tómstund



Vissir þú?

Hægt er að nota frístundastyrk til að greiða niður líkamsræktarkort fyrir **14 ára og eldri**.

Frá og með áramótum verður hægt að fá fullan frístundastyrk fyrir alla kennslu eða þjálfun sem varir að minnsta kosti **10 vikur** í senn og uppfyllir skilyrðin.

Íþróttir og tómstundir

- 25 íþróttafélög eru með samning við sveitarfélagið.
- Tæpar 16 m.kr eru áætlaðar í Afrekssjóð ÍBH á árinu til að styðja afreksíþróttafólkið okkar.
- Unnið er að glæsilegri íþróttamiðstöð í Hamranesi.

Vissir þú?

Að fjárfest var fyrir **9,7** milljarða króna í íþróttamiðstöðu á kjörtímabilinu.

Að Hafnarfjarðabær er með flesta samninga við íþróttafélög á landinu miðað við höfðatölu.

Að **3 fermetrar** af íþróttahúsnæði eru á hvern íbúa.



Ungmennin


- 11 félagsmiðstöðvar eru í Hafnarfirði.
- Í Vinnuskólanum starfa um 1.300 ungmenni í 8.-10. bekk á hverju sumri.
- Ungmennaráð Hafnarfjarðar fundar reglulega. Það er skipað tveimur fulltrúum úr hverjum grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði og tveimur fulltrúum úr framhaldsskólum utan Hafnarfjarðar.
- Miðstöð ungs fólks er rekin í gamla Lækjarskóla sem kallast Menntasetrið við Lækinn.

Vissir þú?


Að félagsmiðstöð hinsegin ungmenna hefur verið starfrækt í Hafnarfirði í 4 ár og er opin alla fimmtudaga.

Að hafnfirsk ungmenni geta nú lært leiklist í Nýsköpunarsetrinu.

Skipting kostnaðar félags- og tómstundastarfs í m.kr.



Fjöldi ungmenna í Vinnuskólanum






Velferð

Velferð

Helstu áherslur 2026

- Efla úrræði stuðningsfjölskyldna.
- Áframhaldandi innleiðing farsældarlaga.
- Efla enn frekar sértæka heimaþjónustu við fólk með margþættar og flóknar stuðningsþarfir.
- Efla félagsstarf fyrir eldra fólk.

Skipting kostnaðar velferðarmála í m.kr



Vissir þú?

21,2%

Þessi prósent er hlutdeild velferðarmála af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins.


3,4 ma.kr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bænum viðbótarframlag til þjónustu við fatlaða.

290,7

Alls eru 290,7 stöðugildi á sviðinu hjá Hafnarfjarðarbæ.

Fjöldi stöðugilda á velferðarsviði



Félagsþjónusta

Helstu áherslur 2026

- Að styðja þá sem þiggja fjárhagsaðstoð til virkni í samstarfi á sviði endurhæfingar.
- Auka samstarf við Hugarafl endurhæfingu.
- Taka þátt í vettvangs- og ráðgjafarteymi (VoR) í málefnum heimilislausra.
- Að fjölga félagslegu leiguhúsnæði í samstarfi við Brynju leigufélag. Veitt verða stofnframlög til kaupa á 16 íbúðum gegn því að 12 íbúðanna verði leigðar til Hafnfirðinga.

Vissir þú?

344

Á fjórða hundrað hafa fengið fjárhagsaðstoð á árinu 2025. Helmingur þeirra hefur íslenskt ríkisfang.

236

Meðalfjöldi þeirra sem fá framfærslu á mánuði er 236.


5

Þau sem þiggja fjárhagsaðstoð ár hvert fá hana að meðaltali í fimm mánuði.


718

Yfir 700 fá að jafnaði húsnæðisstuðning í hverjum mánuði.

Fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur í m.kr



Félagslegar leiguíbúðir eftir herbergjastærð




Börn og unglingar


Helstu áherslur 2026

- Að innleiða *Signs of Safety* í barnavernd sem felur í sér aukinn stuðning inn á heimili barna og miðar að því að tryggja öryggi þeirra í umsjá forsjáraðila.
- Þróun á úrræði skammtímadvalar í Svöluhrauni til að mæta betur fjölskyldum fatlaðra barna.
- Skoða möguleika á sameiginlegu vistheimili sveitarfélaga á grundvelli barnaverndarlaga.
- Að greina þarfir þess að koma á fót heimili fyrir fötluð börn.
- Ríkið mun taka yfir þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda frá áramótum.


Tilkynningar til barnaverndar 2022-2025 október



Skipting kostnaðar í málaflokki barna og unglinga í m.kr



Kostnaður vegna barna og unglinga í m.kr



Eldra fólk

Helstu áherslur 2026

- Uppbygging á hjúkrunarrýmum og öldrunartengdri þjónustu í Hamranesi.
- Rýmum í dagdvöl og dagþjálfun á Sólvangi fjölgar.
- Heilsuefning eldra fólks heldur áfram og áhersla lögð á velferðartækni.
- Öflugt samstarf við Félag eldri borgara og Öldungaráð.
- Fjölga íbúðum fyrir eldra fólk.



Vissir þú?

800

Alls 800 heimili eru með stuðningsþjónustu.


4.966

Nærri 5000 ferðir með akstursþjónustu hafa verið nýttar af eldri borgurum það sem af er ári 2025.

30.528

Tugþúsundir máltíða verða heimsendar árið 2026.

Skipting kostnaðar í málaflokki eldri borgara í m.kr



Hafnarfjörður

Þjónusta við fatlað fólk

Helstu áherslur 2026


- Framkvæmdir hefjast á nýjum sex íbúða kjarna við Smyrlahraun sem taka á í notkun á árinu 2027.
- Áætlun um uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk til næstu 12 ára.
- Efla enn frekar stoðþjónustu við fatlað fólk sem býr utan kjarna.
- Þróa vinnutengd verkefni í nýrri Miðstöð vinnu og virkni í Hafnarfirði.
- Framtíðarsýn Hafnarfjarðar í málefnum fatlaðs fólks skerpt.

Vissir þú?

70


Alls eru 70 í þjónustu
búsetukjarna
Hafnarfjarðarbæjar.

Skipting kostnaðar vegna þjónustu við fatlað fólk í m.kr.



Áætlun um þróun búsetuúrræða fatlaðra í Hafnarfirði
2026-2038

*nýliðun 2 á ári að meðaltali



Hafnarfjörður



Menningarmál



Viðburðir og styrkir

Helstu áherslur 2026

- Víkingahátíðin fest í sessi með föstu árlegu framlagi til 5 ára.
- Nýr kórsjóður kynntur til sögunnar.
- Lúðrasveit Hafnarfjarðar fær fast framlag til 5 ára.
- Þróunarsamstarf um spennandi rekstur í Oddrúnarbæ og Hellisgerði.
- Fleiri og fjölbreyttari viðburðir með auknu fjárframlagi.

Vissir þú?

60.000

Tugþúsundir gesta sóttu hátíðina Hjarta Hafnarfjarðar sumarið 2025.


100

Mikil ásókn var í 19 jólahús í Jólaborpinu 2025. Færri komust að en vildu og sóttu 100 um.

13

Alls stóðu 13 fjölbreyttar menningar- og heilsugöngur íbúum til boða sumarið 2025.

Kostnaðarskipting menningarmála 890 m.kr.



3,9

Hafnarfjarðarbær skorar hátt litið til menningar bæjarins í þjónustukönnun Gallup. Næsta sveitarfélag er með 3,6.



Söfn bæjarins

Helstu áherslur 2026

- Fjölbreyttari þjónusta og lengri opnun verður á nýja bókasafninu í Firði.
- Hafnarborg og byggðasafn setja upp 15 sýningar.
- Hátíðin Heimar og himingeimar hefur verið fest í sessi.
- Bogastofa, fjölskyldu- og upplifunrrými, í Hafnarborg verður opnað.
- Aukið samstarf safna og skóla í formi heimsóknna og kynninga.



Vissir þú?

Pétur Thomsen, sem sýndi Landnám í Hafnarborg, var valinn myndlistarmaður ársins 2025.

Byggðasafnið hlaut fjóra styrki úr safnasjóði á árinu 2025 og Hafnarborg þrjá.

Um 100.000 gestir sækja Bókasafn Hafnarfjarðar heim árlega sem nánast jafngildir fjölda bóka á safninu.



Vissir þú?

15,53%

Heimsóknunum á Bókasafn Hafnarfjarðar hefur fjölgað það sem af er ári 2025.

400

Alls er um 400 viðburðir haldnir á ári á söfnum bæjarins.

1.600

Fjöldi verka er í safneign Hafnarborgar.





Umhverfi
og skipulag




Umhverfis- og skipulagssvið

Verkefni sviðsins eru:

- Skipulags- og byggingarmál.
- Þjónustumiðstöð.
- Umhverfismál og hreinsun.
- Auðlindir.
- Vatns- og fráveita.
- Framkvæmdir og rekstur gatna, opinna svæða og húsnæðis.

Yfirlit rekstrarniðurstöðu málaflokks í m.kr



Vissir þú?

53

Alls eru stöðugildi innan sviðsins 53.

665 m.kr.

Þetta er framlag sveitarfélagsins til almenningssamgangna.




Umhverfi


- Sorphirða er boðin út og er nú fjórflokkun sorps við öll heimili
 - Hafnarfjarðarbær er hluti af Sorpu BS.
 - Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu.
- Átta grenndarstöðvar eru í Hafnarfirði og ein endurvinnslustöð
- Loftgæðastöðvar eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu.
- Led-væðingu gatnalýsingar er lokið og langt komið með húsnæðið.
- Umhverfismáttin verður auglýst í vor.



Hlutfall milli sorpflokka 2025



Heimilisúrgangur í kg



Fasteignir

Húsnæði sem meðal annars tekið var í notkun 2025 er:

- Leikskólinn Áshamri
- Reiðhöll Sörla
- Knattús Hauka
- Húsnæði hnefaleikafélagsins
- Húsnæði brettafélagsins


Vissir þú?

302

Fjöldi íbúða hjá húsnæðisskrifstofu eru 302 og voru 7 keyptar og 4 seldar á þessu ári.


96

Fjöldi fasteigna í rekstri eru nærri 100.



Eignasjóður


- Flestar eignir í rekstri eru í flokki menntunar- og lýðheilsu og samanstendur sá flokkur af grunnskólum, félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum.
- Innri leiga er reiknuð af eignunum og er rúmir 4,7 milljarðar á árinu 2026.



Vissir þú?


Að fermetrarfjöldinn sem eignasjóður er að reka jafngildir rúmlega **4** Kringlum og tæplega **3** Smáralindum.

Fjöldi eigna eftir flokki



Samgöngur

- Þrjár leiðir Strætós keyra um bæinn, leið 1, 19 og 21. Á nýju ári fer reynsluverkefni af stað með strætó í gegnum nýju atvinnuhverfin á Völlunum.
- Starfsfólk bæjarins sinner snjómokstri og hálkuvörnum með tækjum hans. Unnið er eftir skýrri forgangsröðun bæði varðandi götur og stíga.
- Áhersla er lögð á viðhald yfirborðsgatna og endurnýjun gönguleiða.



Samgöngur

Vissir þú?

Lengd gatnakerfisins er um **255 km**.

Alls eru **46** hringtorg í Hafnarfirði.

Hafnfirðingar eru **43%** farþega Strætós á leið 1.

Hafnarfjörður býður upp á næturstrætó.



Opin svæði

Helstu áherslur 2026


- Áhersla er lögð á að snyrta og hreinsa allan bæinn.
- Haldið verður áfram með uppbyggingu í Hellisgerði, á Víðistaðatúni og í Seltúni.
- Sláttur er boðinn út að mestu en einnig eru hópar frá bænum.
- Unnið verður áfram í viðhaldi leiksvæða og opinna svæða.

Vissir þú?

70

Alls eru 70 leikvellir í bænum.

Viðhald opinna svæða í m.kr.



Skipulag og byggingar

Unnið er að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar fyrir árin 2026-2038 og verður þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2026.

Nýtt skipulag

- Vatnahlíð, nýtt 1400 íbúða svæði.
- Þorlákstún, nýtt 50 íbúða svæði.
- Hraun vestur, gatnaskipulag og deiliskipulag einstakra reita.
- Flensborgarhöfn, nýtt skipulag, aðalskipulag er í auglýsingu og síðar deiliskipulag að nýju.

Endurskoðun á deiliskipulagsáætlunum

- Miðbær Hafnarfjarðar.
- Miðsvæði Valla.
- Krýsuvík, í tengslum við orkunýtingu og ferðaþjónustu.
- Óseyrarbraut og Hvaleyrarbraut í tengslum við íbúðabyggingu.

Vissir þú?

Árið 2024 var fjöldi íbúða **12.719** og fjöldi sumarbúðastaða **46**.

Íbúðum hefur fjölgað um **121** á árinu 2025. Íbúðir í byggingu eru **728**.

Umsóknir um byggingarleyfi eru **289**.

Alls hafa **163** erindi er varða skipulagsmál borist á árinu 2025.

Alls **60** skipulagsbreytingar öðlast gildi á árinu 2025.

Vatns- og fráveita

Afhendingaröryggi áfram aukið sem og afköst veitna.
Vatnsveitur á höfuðborgarsvæðinu vinna saman.

Vissir þú?


Notkun vatns er **6.6** m. tonn á ári eða að
meðaltali **18** þ. Tonn á sólarhring.

12.700 þ. tonn af skólpi fóru í gegnum
hreinsistöðina og var dælt út í sjó árið 2024,
eða **35** þ. tonn á sólarhring að meðaltali.


26 tonn af hrati á árinu 2024.

13 tonn af sandi á árinu 2024.

Hreinsað skolp í þúsundum tonna á ári



Meðalnotkun vatns í m³ á sólarhring





Hafnarfjarðarhöfn



Lykilforsendur

- Tekjur um 1,1 milljarður króna.
- Rekstrarafkoma eftir afskriftir um 340 milljónir króna.
- Gjaldskrá hækkar um 3,9% en rafmagn um 5%.
- Aukning í vöruflutningum – einkum lausavöru.

Vissir þú?

500

Yfir 500 stærri skip koma til Hafnarfjarðar og Straumsvíkur á hverju ári.

1.000.000

Heildarfarmur í gegnum Hafnarfjarðarhöfn er ein milljón tonna, þar af 80% í gegnum Straumsvík.

30

Farþegaskipum fjölgar – ríflega 30 skip eru bókuð næsta ár.






Helstu framkvæmdir 2026

- Hamarshöfn – dýpkun lokið og unnið við landfyllingar.
- Lokið við endurbyggingu Norðurgarðs.
- Hvaleyrarbakki lengdur og löndunarsvæði stækkað.
- Ný aðkoma að hafnarsvæði við Suðurgarð.
- Framkvæmdir hefjast við nýtt hafnarhús við Suðurbakka.
- Ráðist í undirbúning fyrir flutning hafnarvigtar.
- Nýtt uppsátur fyrir báta og kerrur við Hvaleyrarlón tekið í notkun.



Rekstur hafnarinnar




Fjárfestingarhreyfingar

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjárfestingarhreyfingar	Raun	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Fjárfesting	266.434	150.000	630.000	480.000	380.000	300.000
Viðauki	-	15.000	-	-	-	-
Lóðasala	-	-	39.000	-	100.000	-
Fjárfestingahreyfingar	266.434	111.000	430.000	330.000	280.000	300.000

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Sundurliðun framkvæmda	Raun	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Hamarshöfn – hönnun / dýpkun- landfylling	3.425	17.000	150.000	150.000	150.000	150.000
Landstólpi v/ flotkví	99.067					
Óseyrarbryggja - endurbygging	99.809	15.900				
Norðurgarður uppsteypa og yfirborð	1.506	54.000	60.000	-	-	-
Ný flotbryggja	17.174	14.500				
Geymslusvæði - lokafrágangur	19.812	16.000				
Netvarnir - tölvukerfi	2.461					
Straumsvík - umhverfismat	10.659					
Hvaleyrarbakki - lenging til austurs		1.000	150.000	100.000	30.000	-
Uppsátur v. Hvaleyrarlón		10.000	20.000	-	-	-
Hafnarskrifstofa - nýbygging			250.000	200.000	100.000	-
Flutningur á hafnarvigt			-	30.000	-	-
Flensborgarhöfn - uppbygging	1.500	15.000	-	-	100.000	150.000
Samtals framkvæmdir	255.413	143.400	630.000	480.000	380.000	300.000





Hafnarfjörður

